

Nd.

185. Frumvarp til laga

[141. mál]

um breyting á lögum nr. 7 31. mars 1967, um námslán og námsstyrki.

Frá sjávarútvegsráðherra.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum lán til náms við Háskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, framhaldsdeild og menntadeild Kennaraskóla Íslands, 1.—3. hluta og menntadeild Tækniskóla Íslands, íslenska stýrimannaskóla, Vélskóla Íslands, framhaldsdeild við íslenska landbúnaðarskóla, 2. og 3. áfanga Fiskvinnsluskólans, erlenda háskóla og tækniskóla, svo og aðrar hliðstæðar erlendar kennslustofnanir, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld 1. gr. laga nr. 39 24. maí 1972.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á lögum um lánasjóð íslenskra námsmanna, að nemendur 2. og 3. áfanga Fiskvinnsluskólans hljóti réttindi til lána og styrkja úr lánasjóðnum.

Eins og öllum er í fersku minni, hafa málefni Fiskvinnsluskólans verið ofarlega á baugi að undanfögnu. Skóli þessi er nýr og að flestu leyti ómótaður, staða hans óljós í skólakerfinu og réttarstaða nemenda hans óákveðin. Hins vegar ber væntanlega öllum saman um það, að fátt sé okkur nauðsynlegra nú en að efla með ráðum og dáð almenna þekkingu í sjávarútvegi og fiskiðnaði og reyna þess vegna eftir föngum að efla Fiskvinnsluskólann nýja.

Almennt hefur óskum og tillögum forráðamanna og nemenda skólans verið tekið vel af stjórnvöldum, og er með þessu frumvarpi gengið til móts við óskir, sem þessir aðilar hafa beint til sjávarútvegsráðherra.

Nám við Fiskvinnsluskólann er lögum samkvæmt í 3 áföngum. 1. áfangi felur í sér bóklegt nám og vinnu í fiskiðnaði jöfnum höndum í tæp 3 ár, þannig að hið verklega starf, sem jafnframt er launað, tekur yfir $\frac{1}{3}$ áfangans. Hins vegar er 2. áfangi, sem útskrifar fiskvinnslumeistara, og 3. áfangi, sem útskrifar fisktækna, hvor um sig eitt ár og skólanám eingöngu, án nokkurra möguleika til tekjuöflunar.

Þykja því veigamikil rök liggja til þess, að þessi breyting verði nú gerð á lögum um lánasjóðinn, enda í samræmi við ný viðhorf í þessum efnunum. Er þess skenmst að minnast, að 24. maí 1972 voru samþykkt á Alþingi lög um breyting á lögum um námslán og námsstyrki, þess eðlis, að íslenskum stýrimannaskólum og Vélskóla Íslands var veittur réttur að lánasjóðnum.

Með þessu frumvarpi verður staða Fiskvinnsluskólans bætt og aðstaða nemenda hans gerð sambærileg aðstöðu nemenda hliðstæðra skóla.